


Grimur Marinó Steindórsson: Undur hafsins, 1984 (járn, 150X70 sm).



Sigrún Guðmundsdóttir: Dans, 1985 (sedrus, 140X62X66 sm).

Myndhöggvara- félagið


Myndlist

Valtýr Pétursson

Það mun vera sanni næst að 1967, þegar hópur ungra manna tók sig til og efndi til sýningar á Skólavörðuholtinu fyrir utan Ásmundarsal, hafi orðið til fyrsti vísir að núverandi Myndhöggvarafélagi í Reykjavík. Þar kenndi margra grasa og auðséd var af þeirri sýningu, að nýr og endurnýjadur kraftur í skúlptúrgerð var þar á ferð. Síðan varð framvinda sú, að félagið fékk vinnuástöðu að Korpúlfsstöðum, og nú fáum við að sjá árangur af þeirri ráðstöfun borgaryfirvalda á sínum tíma. Félagið hefur sem sé dafnað og notfært sér fengna aðstöðu eins og verkin sanna á sýningu þeirra félaganna að Kjarvalsstöðum. Þar er bæði Vestursalur og útiástanda nýtt og sýndar ekki færri en tuttugu talsins.

Sýning Myndhöggvarafélagsins er bæði skemmtileg og hefur upp á margt að bjóða. Þar er unnið í ýmsar áttir og breiddin segir til sín í þeim verkum er sýnd eru. Jafn ólíkir listamenn og Ragnar Kjartansson og Rúri eiga þarna verk og allt fer þetta fram í sátt og samlyndi þrátt fyrir auðsæ mismunandi sjónarsvið og skoðanir. Efnismeðferð er engu minni í breidd sinni en sjálf hugmyndafræðin. Þarna eru verk unnið í brons, tré, járn, stein og fleira. Sem sagt sitt lítið af hverju. Nú er það auðvitað bezt til fróðleiks og skemmtunar að skoða þessi verk og gera sér skoðanir um hvert verk fyrir sig.

Af því sem mér fannst eftirtektarvert á þessari sýningu vil ég nefna aðeins lítið eitt. Þarna eru 47 verk og yrði of langt mál að gera hverju og einu skil. Björgvin Gylfi Snorrason á þarna verk gert í blandaðri tækni, og ég kann ekki að lesa þýðingu þess, en það er smellið. Grimur Marinó sýnir Hafsilfur, sem er úr járn og brimsorfnun steini og vekur athygli. Gunnsteinn Gíslason er með steinristur, og fannst mér bezt heppnað verkið Snerting. Hallsteinn Sigurðsson er sjálfum sé líkur og öll verk hans hafa traustan svip. Helgi Gíslason á þarna jafngóð og persónuleg verk, en hann sýndi fyrir nokkru einkasýningu í Listmunahúsinu. Jón Gunnar er að fást við nokkuð nýstárleg verkefni í því eina verki sem hann sýnir; verður fróðlegt að vita hvað kemur út úr þeirri tilraun. Ragnar Kjartansson er sjálfum sér líkur og stórt myndverk í steinleir ræður ríkjum í enda Vestursals. Ragnhildur



Hallsteinn Sigurðsson: Tvíhöfði, 1985 (ál, 45X37 sm).

Stefánsdóttir vinnur í járn og steinsteypu og fer verk hennar vel undir berum himni. Efnilegur skúlptúr. Rúri heldur sig við konseptið og regnbogi hennar er unninn í litad salt og kemur á óvart. Sigrún Guðmundsdóttir hefur hingað til verið heldur hlédræg í verkum sínum og aðallega unnið í steininn sjálfan. Nú bregður hún á leik við timbur (furu og sedrus) og kemst mjög vel frá því verki. Einnig má minnast á verk þeirra Steinunnar Þórarinsdóttur og Sverris Ólafssonar.

Þeir sem til þekkja sjá vart miklar breytingar frá því er þessir myndhöggvarar sýndu síðast, en flestir þeirra hafa haldið einkasýningar á undanförunum árum. Nú er aftur á móti gullíð tækifæri til að gera nokkurn samanburð á verkum þessa fólks og læt ég hverjum og einum um að gera slíkt. Ég hafði meiri skemmtun og ánægju af þessari sýningu en ég bjóst við. Einkum og sér í lagi er það ánægjulegt að sjá hve margir eru nú að fást við skúlptúr. Og ef svo er sem ég held, að Korpúlfsstaðir eigi sinn þátt í þeirri grósku sem hér kemur fram, verður að vekja athygli á þeirri aðstöðu, sem þessari listgrein er búin, og ekki er síður skylt að þakka borgarstjórn fyrir hennar framlag og þann skilning, er þar hefur komið fram við jafn umfangsmikla listgrein og skúlptúr er.

Það er sannarlega ánægjulegt að fjör skuli vera í þessari listgrein hér á landi. Skúlptúr er einnig mjög sterkur hlekkur í því sem er að gerast á nútímasviði myndverka í heiminum í dag og það mætti segja mér að betra væri að fást við skúlptúr hér á landi en víða annars staðar. Með þökk fyrir ánægjulegt innlit.

Sýning Bjargar

Myndlist

Valtýr Pétursson

Í Norræna húsinu stendur nú yfir nokkuð sérstæð sýning; klippi-myndir (Collage), gerðar í japansk-pappír og höfundur er Björg Þorsteinsdóttir. Hún er þekkt fyrst og fremst fyrir grafíkmyndir sínar, en einnig hefur hún stundað málverk á hefðbundinn hátt. Nú hefur hún söðlað um, ef svo mætti segja og snúið sér að klippimyndum.

Að undanförunu hefur Björg dvalið í París og haft þar góða vinnuástöðu. Þau verk sem hún nú sýnir í Norræna húsinu, eru afrakstur þeirrar dvalar og er auðséd að Björg hefur komið í tæri við ýmislegt nýstárlegt og hefur færzt í aukana sem myndgerðarkona. Það eru tæp fimmtíu verk á þessari sýningu og sum þeirra nokkuð mikil fyrirferðar. Af þessu má sjá, hve vinnuglöd Björg hefur verið í Cité Internationale des Arts. Það er viss léttleiki yfir sumum þessara verka, sem ekki var finnanlegur í grafík Bjargar, og

það er sterk litameðferð, sem er að visu ekki ætíð jafn sannfærandi, en þegar best lætur syngur í rá og reiða, er mér næst að segja. Það getur einnig hitnað nokkuð í litunum á stundum, og mér fannst eitthvað austurlenzkt í sumum þessara verka. Myndbygging Bjargar er að þessu sinni miklu fastmótaðri en í fyrri verkum hennar, og það er eins og gæti geometriska áhrifa í sumum þeirra. Súrrealismi og symbolismi hafa hörfað fyrir hreinu formi, og kann ég betur við hlutina í þeirri mynd sem þeir hafa tekið á sig í þessari Parísardvöl Bjargar. Í heild er þetta falleg og sterk sýning, sem skilar sér vel á veggjum Norræna hússins, og hér er ný hlið á Björgu Þorsteinsdóttur sem myndlistarmanni, hlið sem færir manni heim sanninn um hve alvarlegur listamaður er hér á ferð. Ef til vill er hér nýjasta línan frá París eins og sagt var hér áður fyrr, ef maður skrapp þangað í sveit. Ekkert vil ég fullyrða um það, en ef svo er, þá má vel fagna þeim breytingum sem

virðast á ferðinni. Eitt er víst: Björg Þorsteinsdóttir hefur ekki komið eins heil og sterk frá fyrri sýningum sínum og í þetta skiptið. Þess má að lokum geta, að Björg Þorsteinsdóttir á einnig nokkrar teikningar á sýningu FÍM að Kjarvalsstöðum. Þær sóma sér vel þar á veggjum, en eru allt annars eðlis en það sem nú er í Norræna húsinu.

Þetta er um margt glæsileg sýning hjá Björgu, og vonandi sjá hana sem flestir og njóta hita verkanna í köldu vori norðursins.


Tálgað í tré

Sæmundur Valdimarsson tálgar gyðjur sínar í tré og skýlir nekt þeirra með steinbítsroði; sumar hafa engar skýlur og aðrar hafa ávöl form og feiknalegar hárgreiðslur. Af nokkrum þeirra stafar einkennileg helgi og sumar þeirra ljóma af kynorku og dulrænum mætti. Þessar línur eru nokkuð óvenjulegar inngangur í skrifum um sýningu.

En sagan er sú: Það er eins og að koma inn í musteri að líta inn í Listmunahúsið um þessar mundir. Þar eru nokkur listaverk í tré, sem er afar vel fyrir komið og lýst af mikilli smekkvísi, þannig að allt spilar saman, plastik verkanna og ljósbrot í hálfrokknu umhverfinu. Þarna inni er sérstætt andrúmsloft, sem styður nærveru þessara verka og skapar frið og vellíðan. Það er langt síðan ég hef séð svo vel búið að myndverkum hér á landi, og hver svo sem hér á í hlut má vera stoltur af árangri sínum.

Fyrir nokkru sýndi bóndinn Sæmundur Valdimarsson myndir sínar að Kjarvalsstöðum. Hann hafði þar gangapláss til umráða og þannig var þá búið að hlutunum, að tæpast varð nokkuð merkt af sjálfum skúlptúrnum, og man ég vart aðra eins meðferð og þessi verk fengu þá. Öllu hrugað saman, þannig að grauturinn varð heldur beizkur. Nú er aftur á móti þessum 16

myndum þannig fyrir komið, að auðvelt er að njóta hvorrar og einnar fyrir sig. Og árangurinn verður sá, að Sæmundur kemur í ljós sem mikill meistari í að tálga sinn rekavið, en hann er uppistaða þessara verka. Á stundum tekur hann fagaðri við til höndlunar, en ég er ekki viss um að það passi eins vel fyrir hinn upprunalega höfund þessara verka. Þarna er á ferð mjög sérstæður myndgerðarmaður, sem fundið hefur farveg fyrir tilfinningar sínar og hefur enga þörf fyrir að ánetjast listastefnum eða faga verk sín eftir nýjustu tísku. Mér líkar það vel, að slíkur myndhöggvari skuli koma fram á sjónarsviðið, og það má vel tengja þessi verk Sæmundar við fyrri ára tréskurð. Það kæmi mér ekki á óvart, ef finna mætti hliðstædur við þessa myndgerð á söfnum okkar, þar sem útskurður alls konar hefur verið varðveittur. Það eru sterk persónuleg einkenni á þessum verkum, og þau eru það upprunaleg, að ekkert gæti komið þar í staðinn. Sjálfmenntaður myndlistarmaður, sem unnið hefur alla sína tíð fyrir brauði dagsins jafnt við stunda skurðlist sína og gert verk sín í grjót og rekavið. Ég hafði mikla ánægju af að sjá þessi verk í því umhverfi sem þeim er búið nú, og vonandi á það ekki eftir að hendar þessar stytur að lenda í annarri eina ómenningu og þær urðu að þola í vistinni að Kjarvalsstöðum.



Doktor Drepleiðinlegur

Kvikmyndir

Arni Þórarinnsson

Laugarásbió: Doctor Detroit ½ Bandarísk. Árgerð 1982. Handrit: Carl Gottlieb, Robert Boris, Bruce Jay Friedman. Leikstjóri: Michael Pressman. Aðalhlutverk: Dan Aykroyd, Howard Hesseman.

Það er eins og Dan Aykroyd og annan afkastamikinn amerískan grínleikara, Steve Martin, að hann sýnir sjaldan eða fær sjaldan að sýna gilda ástæðu fyrir afköstum sínum. Kannski hafa þessir strákar verið

óheppnir með verkefni, kannski eru þeir bara ekki betri. Það er yfir þeim báðum eitthvert lítleysi. Þeir fylla ekki út í þær manngerðir sem þeir eiga að túlka. Sumpart er skýringuna trúlega að finna í bakgrunni beggja, þeir eru báðir upprunnir í sjónvarpsrevíunni frágu Saturday Night Live, eins og reyndar flestir starfsbræður þeirra af yngri kynslóð, og þar þurftu þeir aðeins að fiflast í stuttum skissum. Hvíta tjaldið krefst meiri átaka. Aykroyd sýndi þó í Trading Places að hann kann sitthvað fyrir sér í gamanleik, eins og

Martin að sínu leyti gerði í All of Me. En allt of oft hefur maður þurft að spá í undarleg lögmál frægðar og frama í Hollywood þegar horft er á myndir Aykroyds. Þannig er því miður ástátt í Laugarásbió þegar horft er á Doctor Detroit. Í sem allra stystu máli er þetta bjánalegur ólíkindafarsi, þar sem Aykroyd leikur ánalegan bókmenntakennara sem lætur narra sig til að leika melludól og undirheimakóng. Fyndið? Nei, ekki vitund. Spennandi? Nei, ekki baun. Leiðinlegt sumsé? Já, allveg voðalega.